

Petõfi izlandiul

Steingrímur Thorsteinsson (1831-1913) izlandi költõ és író. Rengeteg művet fordított izlandi nyelvre, leghíresebbjei H.C.Andersen mese-fordításai és az Ezeregyéjszaka meséi. Talán meglepõ, de Petõfi Sándortól is sokat fordított. A reykjavíki könyvtárban bukkantam a szeptember végén címûre.

Í september-lok

Szeptember végén

Enn garðablóm neðra hér gróa í dalnum,
Við gluggann enn skrudgræn er öspin vor há.
En, skoðaðu! Veturinn skjótt fer að nálgast,
Á skógvöxnu hæðunum fest hefir snjá.
Svo ber eg enn sumarsins síðgeisla í hjarta,
Þar sáðkornið frumunga þróast og grær,
En haustlega á koll mínum hárið samt gránar
Og hermir að veturinn færi sig nær.

Að fold hníga blómin og burt streymir lífið,
Kom, brúður, mín elskaða, og sest mér á kné,
Í dag ertu mínu svo mjúkt vöfð í fangi,
Á morgun við gröf, ef eg vopnbitinn hné.
Ó, seg mér, þá eg er á undan þér dáinn,
Munt angruð þú gráta við kuml yfir mér,
Eða með ástmálum aðra við bundin,
Það afsverja nafnið, sem fyrst gaf eg þér.

Ef ekkjunnar blæju svo af þér þú leggur,
Þá ástregans fínu, sem þér heyrir til,
Þá sannlega kem eg úr svarthýsi grafar
Og sæki hana til þín um miðnæturbil
Eg sæki hana til þess mín tárin að þerra,
Er títt graet eg þín vegna í dánarheims rann,
Eg þek henni um sárið míns þreyjandi hjarta,
Sem þar, þá og enn þér til eilífðar ann.

Katona Mária gyűjtése



Tóth Kati: Videó-klip